


**BLESUGRÓF - ENDURSKOÐAÐ DEILISKIPULAG / STGR. 1.889**

**SAMÞYKKT Í SKIPULAGSRÁÐI 28. SEPTEMBER 2005.**
**UPPDRÁTTURINN SÝNIR HLUTA SKIPULAGSSVÆÐISINS**




**TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI BLESUGRÓFAR**
**VEGNA LÓÐA NR. 4 OG 6 VIÐ BLEIKARGRÓF / STGR. 1.889**

**MARS 2007**

# BLESUGRÓF REYKJAVÍK
# DEILISKIPULAGSBREYTING

## GREINARGERÐ

Í gildi er deiliskipulag Blesugrófar sem samþykkt var í Skipulagsráði þann 28.september 2005, með síðari breytingum.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðanna Bleikargrófar 4 og 6 í Blesugróf, mars 2007.

Fyrirkomulag á lóðunum Bleikargróf 4 og 6 er endurskoðað, og hlutverki þeirra víxlað, þannig að á Bleikargróf 4 er gert ráð fyrir sambýli fyrir fatlaða, en á Bleikargróf 6 íbúðarhúsi.

Breytingin er gerð til að aðlaga lóðaskiptinguna að landslagi og hæðarmun. Markmiðið er að auðvelt verði að koma fyrir einnar hæðar húsi fyrir sambýli með aðgengi að garði umhverfis á lóðinni Bleikargróf 4.
Á Bleikargróf 6 verður byggingarheimild fyrir íbúðarhús á tveimur hæðum.

Mörkum opinna svæða sem liggja að lóðunum Bleikargróf 4 -6 er breytt og þau minnka lítillega.

Lóðarmörkum Bleikargrófar 4 annars vegar og Bleikargrófar 2 og Stjörnugrófar 2 er hnikað til og lóðirnar Bleikargróf 2 og Stjörnugróf 2 stækka óverulega.

### Gildandi skilmálar fyrir Bleikargróf 4-6.

Leyfilegt nýtingarhlutfall á lóð er 0,4. Sé kjallari undir húsi, að hluta eða öllu leiti, hækkar leyfilegt nýtingarhlutfall á lóð í 0,5. Hæsti húsveggur skal ekki vera hærri en 6,0m og hæsti punktur þaks skal vera að hámarki 6,0m frá grunnplötu.

Lóðarstærðir eru:
Bleikargróf 4: 790m2
Bleikargróf 6: 1260m2

### Breyttir skilmálar fyrir Bleikargróf 4-6.

Lóð við Bleikargróf 4 verður 1795m2 að stærð.
Lóð við Bleikargróf 6 verður 749m2 að stærð.

Að Bleikargróf 4 skal heimilt að byggja einnar hæðar hús fyrir sambýli, nýtingarhlutfall hæst N=0,35.
Mesta hæð útveggja húss á lóðinni má vera 3,5m frá grunnplötu. Hæsti punktur þaks má vera 1,5m yfir hæstu leyfilegri hæð útveggja.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.




**STAÐSETNING SKIPULAGSSVÆÐIS SKV. HLUTA ÚR AÐALSKLIPULAGI RVK. 2001-2024**

**SKÝRINGAR**

- MÖRK DEILISKIPULAGSBREYTINGAR
- BYGGINGARREITUR HÚSA
- BYGGINGARREITUR BÍLSKÚRA
- GÖTUR
- OPIN SVÆÐI
- NÝJAR LÓÐIR
- BÍLASTÆÐI
- 4 HÚSNÚMER
- MÖRK GILDANDI DEILISKIPULAGS FYRIR BLESUGRÓF
- (2) HÆRRI HÚSGERÐ
- (1825 m2) LÓÐARSTÆRÐ

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í
í Skipulagsráði þann 30. maí 2007.

Tillagan var grenndarkynnt frá 12. apríl 2007 með athugasemdafresti til 10. maí 2007.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ________ 200_.

[signature]

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingu þessa.

**REYKJAVÍKURBORG**
**Deiliskipulagsbreyting**
**BLESUGRÓF**

**BLEIKARGRÓF 4-6**
**108 REYKJAVÍK**

**BREYTING Á DEILISKIPULAGI**

| TEIKNINGAHEITI | | | DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR |
|---|---|---|---|
| Breyting: | Teikn.nr.: | | GLÁMA·KÍM |
| Útgáfud.: 20.03.2007 | Mkv.: 1:1000 | | Arkitektar Laugavegi 164 ehf, 105 Reykjavík<br>s: 530-8100, f: 530-8101, kt: 560 496 2739<br>glamakim@glamakim.is, www.glamakim.is |
| Verknr: 2060102 | Teikn. PHÁ/SK | Yfirf. SK/ÁK | |

TEIKNINGU ÞESSA MÁ EKKI AFRITA MEÐ NEINUM HÆTTI AÐ HLUTA TIL EÐA Í HEILD ÁN SKRIFLEGS LEYFIS HÖFUNDAR